

Nd. 440. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1933 og við brtt. á þskj. 418.

I. Frá Birni Kristjánssyni.

Við brtt. 418, IV. (Holtavörðuheidarvegur).

Fyrir »20000« kemur 30000

II. Frá Jóni Ólafssyni og Sveinbirni Högnasyni.

Við 16. gr. 37. Nýr liður:

Til að ljúka við nppdrætti og áætlanir af mælingum þeim, sem framkvæmdar hafa verið á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts 7000

Til vara 5000

III. Frá Birni Kristjánssyni og Jónasi Þorbergssyni.

1. Við 17. gr. 23. (Gamalmennahæli á Ísafirði).

Fyrir »á Ísafirði« kemur: á Seyðisfirði.

2. Við 17. gr. 24. (Gamalmennahæli á Seyðisfirði).

Fyrir »á Seyðisfirði« kemur: á Ísafirði.

IV. Frá fjármálaráðherra.

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að fela stjórn Búnaðarbankans að selja hin dönsku rikisskuldabréf, sem viðlagasjóður á og eru nú að tryggingu fyrir veðdeild Landsbankans, enda greiðist skuld viðlagasjóðs við rikissjóð af andvirði hinna seldu bréfa. Verði heimild þessi notuð, gefur fjármálaráðherra fyrir hönd rikis-

sjóðs út tryggingarbréf fyrir jafnhárri fjárhæð og fengizt hefir fyrir hin dōnsku rikisskuldabréf og leggur það að tryggingu handa viðkomandi veðdeildarflokkum, enda er viðlagasjóður i bakábyrgð gagnvart rikissjóði. Þegar viðskiptum þessara veðdeildarflokka er lokið, skal tryggingarbréfið afhent fjármálaráðherra til ónýtingar.

V. Frá *Bjarna Ásgeirssyni* og *Péttri Ottesen*.

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að taka á leigu á hentugum stað i Reykjavík kjallara til öruggrar geymslu á innlendum kartöflum, sem ætlaðar eru til sölu hér á landi, og lána hann aftur íslenskum kartöfluframleiðendum og þeim, er verzla með íslenskar kartöflur, gegn hæfilegum leigumála, er stjórnin ákveður.